

Nefndarsvið Alþingis
Kirkjustræti
101 Reykjavík

sent á umsagnir@nefnasvid.is

Reykjavík, 15. apríl 2024

Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um Náttúruverndar- og minjastofnun

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreind frumvarpsdrög og vísar í umsögn sína frá 13. júní 2023 um sameiningu stofnana og umsögn sína frá 4. október 2023 um tillögu um Náttúruverndar- og minjastofnun. Í umsögninni frá 4. október segir að Landvernd fagni áformum sem miða að því að einfalda, auka skilvirkni, samræma ásýnd, hafa yfirsýn, nýta samlegð og þar með efla náttúruvernd í landinu. Landvernd telur hins vegar ekki hafa tekist nægilega vel til í þessu frumvarpi og leggur til að frumvarpið verði unnið upp á nýtt á grunni náttúruverndarlaga nr 60/2013.

Þá hefur verið komið til móts við athugasemd Landverndar um stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar en Landvernd telur það ekki nægjanlegt til að víkja frá þessari ályktun samtakanna.

Ekki er að sjá að tekið hafi verið tillit til þessara áherslna frá samtökunum við vinnslu frumvarpsins líkt og áður og er það miður.

- Frumvarpið er ekki unnið á grunni náttúruverndarlaga nr. 60/2013
- Ekki er minnst á hlutverk stofnunarinnar við að uppfylla alþjóðasamninga er varða náttúruvernd.
- Í frumvarpinu er einungis tekið fram að starfsmenn núverandi stofnanna gangi fyrir en ekki að þeim verði tryggt starf. Er því hætt á að þekking, reynsla og aðhald tapist. Starfsmenn stofnananna sem fyrirhugað er að sameina vinna að mjög beinum hætti að náttúruvernd, svo sem með landvörslu og umsjón með friðuðum svæðum. Landvernd vill vara við því að skorið sé niður í þessum málaflokki en bent hefur verið á ítrekað að nú þegar er undirmönnun og skortur á fjármagni í málaflokknum.
- Ekki er minnst á hlutverk stofnananna varðandi þjóðlendur, landgræðslusvæði, þjóðskógar og ríkisjarðir með hátt náttúruverndargildi.
- Óskýrt er hvernig samstarf og samvinna við aðrar stofnanir á sviði náttúruverndar verði háttað.


Skipun í svæðisráð

Í skipun svæðisráða er umhverfisverndarsamtökum úthlutað áheyrnaraðild en hingað til hafa þau átt fullt sæti í svæðisstjórn. Er rökstuðningurinn sá að ekki talist eðlilegt að fulltrúar hagsmunasamtaka taki ákvarðanir sem snúa að stjórnunarhlutverki ráðsins. Telur Landvernd þessi rök ekki halda vatni þar sem markmið með þjóðgörðum og friðlýstum svæðum eru að vernda náttúruna og því er mikilvægt að samtök sem hafa það að meginmarkmiði að standa vörð um hagsmuni náttúrunnar fái sæti í ráðunum.

Þá vísar Landvernd í umsögn sína frá 12. febrúar 2024 um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun en þar kemur fram eftirfarandi:

Samvinna / samstarf milli stofnana

Skoðun starfsfólks stofnanna undir Ráðuneytinu er sú að ávinningur væri meiri ef stofnanir myndu efla samstarf, flytja í sameiginlegt húsnæði og starfstöðvar þar sem væri m.a. hægt að spara verulega með sameiginlegri stoðþjónustu. Landvernd telur því að kanna verði mun betur tækifæri til samvinnu og samstarfs milli stofnana, þvert á ráðuneyti enda gæti það verið góður byrjunarflötur.





Talað er um hagræðingar og eingöngu að núverandi starfsfólk stofnana muni ganga fyrir í þau störf sem verði auglýst. Úr því má lesa að öllu starfsfólki verði sagt formlega upp störfum og þurfi að sækja um á nýjan leik. Má þá reikna með að störfum fækki. Er þá mikil hættu á að þekking og reynsla tapist en þekking starfsfólks er grundvöllur faglegrar getu viðkomandi stofnana sem veruleg hættu er á að glatist ef vanhugsaðar breytingar verði innleiddar í okkar kjarnastofnanir.

Að lokum

Af þeim sameiningaráformum sem til standa telur Landvernd mest tækifæri til ávinnings í sameiningu náttúruverndar á Íslandi. Frumvarpsdrög þessi eru ekki til þess fallin að þau tækifæri séu nýtt sem best með náttúruvernd að leiðarljósi og telur Landvernd að vinna þurfi frumvarpið að miklu leiti upp á nýtt, með náttúruverndarlög 60/2013 að leiðarljósi.

Með vinsemd og virðingu

Fyrir hönd Landverndar

Þorgerður María Þorbjarnardóttir

Formaður